


JÓNSNES
VEGAGERÐ
ÚTBOÐSLÝSING - VERKLÝSING

0.1 Vegurinn – um 5600 metra langur:

Vegurinn liggur frá Vogsbotni, afleggjara við Stykkishólmsveg (stofnveg nr. 58), eftir klapparási á milli Ögursvatns og Hofstaðavatns og þaðan eftir Hellisási, Arnarási og Skálaholti að Jónsnesi. Vegstæðið frá Vogsbotni að Skálaholti er nýtt að fráteknunum u.þ.b. 700 metra kafla frá Stykkishólmsvegi við Vogsbotn að skúr Veitna. Vegstæðið frá Skálaholti liggur eftir gömlum slóða sem notaður hefur verið um aldalangt skeið sbr. Herforingjaráðskort frá 1905-1915.

Verktaki skal kynna sér aðstæður og staðhætti vel áður en boðið er í verkið og áður en samningur er undirritaður og áður en framkvæmdir hefjast. Á svæðinu eru kjarr, mýrar, moldar eða grúsarsvæði og grasi gróin svæði.

1A - Breidd vegar er áætlaður um 3.5m efst og áætlað er að fari um 2.5 til 3m³ (ekki minna) af efni í hvern metra af þjöppuðu efni í veginn að lágmarki ef miðað er við slétt undirlag, en meira gæti þurft í vegstæðið ef undirlag hallar eða vegstæði sé blautt og skal verktaki gera ráð fyrir því. Ef verktaki velur svo að hafa veginn breiðari en 3.5m að hluta eða öllu leiti er ekki greitt fyrir það sérstaklega. Uppfyllingarefni skal vera frostfrítt og þjappast vel. Fláar með vegi verða að lágmarki 1:2. Frumskilyrði við eiginleika vegarins er að hann skuli þola umferð þungaflutninga.



1B - Breidd vegar er áætlaður um 3.5m efst og áætlað er að fari um 4 til 5m³ (ekki minna) af efni í hvern metra af þjöppuðu efni í veginn að lágmarki ef miðað er við slétt undirlag, en meira gæti þurft í vegstæðið ef undirlag hallar eða vegstæði sé blautt og skal verktaki gera ráð fyrir því. Ath að vegstæði er hærra þar sem mýrar eru. Ef verktaki velur svo að hafa veginn breiðari en 3.5m að hluta eða öllu leiti er ekki greitt fyrir það sérstaklega. Uppfyllingarefni skal vera frostfrítt og þjappast vel. Fláar með vegi verða að lágmarki 1:2. Frumskilyrði við eiginleika vegarins er að hann skuli þola umferð þungaflutninga vegna uppbyggingar á húsi við bílplanið og viðhaldi þess til framtíðar, svo sem flutningabíla- og steypubílaumferð.



Tvískipta á framkvæmdinni á veginum:

Neðri hluti vegar, c.a. 80% sem er áætlað t.d. grús eða sambærilegt skal vinna að vetri til og þjappa skal yfirboðið vel svo vegur verður akfær fólksbílum. Efnið er tekið úr svæði í landi Jónsnes.

Efri hluti vegar, c.a. 20% skal vinna að vori þegar frost í jörðu er farið og þá skal klára endanlegt yfirborð og vegkanta og lokafrágang. Hefla og þjappa skal endanlega yfirborðið svo það sé fært öllum bílum. Nota skal grús eða sambærilegt sem þjappast vel og má vera allt að 20% moldarblönduð. Efnið er tekið úr svæði í landi Jónsnes.

Gert er ráð fyrir að ræsum í gegnum veginn á nokkrum stöðum. Við ræsagerð skal nota þar til gerð galvanhúðuð stálrör frá Vegagerðinni eða plaströr, sem koma í 6 metra lengjum og gera þarf ráð fyrir samsetningum ef rör eru lengri en 6m. Koma skal fyrir ræsi í núverandi skurði, og skal það vera minnst 600-800 mm í þvermál. Sömuleiðis skal koma fyrir ræsum þar sem farið er í gegnum mýrlendi, og skal gera ráð fyrir níu ræsum sem skulu vera minnst 500 mm í þvermál. Endanleg staðsetning þeirra ákveðist í samráði við eftirlitsmann. Setja skal grjót og þjappa í kringum enda á ræsum – endanlegur skurður í samráði við eftirlitsmann eftir að búið að koma rörum fyrir og ganga frá í kringum enda. Setja skal fyllingarpúða undir ræsilagnir eins og með þarf svo þau sökkvi ekki ofan í blautan jarðveg. Verktaki leggi til ræsirör, sem og allt annað efni og vinnu.

Gerð eru sjö (7) mætingarsvæði fyrir bíla til að snúa við eða mætast sem dreift skal nokkurn veginn jafnt á lengd vegarins. Vilji verktaki gera fleiri á framkvæmdatíma er það í lagi, en taka skal auka mætingarsvæði áður en framkvæmdum líkur og ganga frá raski með vegi og á landi. Möguleiki er líka á að auka mætingarsvæði verði skilin eftir án auka kostnaðar.

Draga skal jarðvegsefni sem er til staðar upp á fláa að veginum þegar vegrásir eru útbúnar með vegi. Jarðvegsefnið skal ekki vera þykkt og umfram efni má jafna út og slétta í núverandi landslag. Sjá mynd með dæmi um frágang á vegköntum þar sem rásir eru útbúnar með veginum og landslag til staðar er lagt í vegkantinn.



Ekki er gert ráð fyrir brotflutningi á efni af svæðinu, en ef verktaki telur að að færa þurfi til efni á staðnum vegna aðstæðna er það heimilt og er innifalið í tilboði verktaka og er án sérstakrar greiðslu.

-

Vegur með öllu (eitt heildar verð í nokkra verkþætti) tilbúinn til notkunar vegna uppbyggingar á staðnum og vegurinn þoli þungaflutninga eins og t.d. flutningabíla til framtíðar. Skipta þarf verðinu upp í neðra lag sem telst 1. áfangi A og B og svo efralag og lokafrágang sem telst áfangi 2.

Loftmynd af svæðinu og línan sýnir áætlað vegstæði:

